

Fimmtudaginn 10. apríl 1997.

Nr. 120/1996.

Sveindís Hermannsdóttir

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

gegn

Pósti og síma hf.

Vátryggingafélagi Íslands hf. og

Sjóvá-Almennum tryggingum hf.

(Jakob R. Möller hrl.)

og gagnsök

Skaðabætur. Bifreiðir. Slysafrygging ökumanns. Örorubætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 26. mars 1996. Hún krefst þess aðallega, að gagnáfrýjendur verði óskipt dæmdir til að greiða 5.064.565 krónur með 1% ársvöxtum frá 25. júní 1992 til 11. ágúst 1993, 1,25% ársvöxtum frá þeim degi til 11. nóvember sama árs, 0,5% ársvöxtum frá þeim degi til 17. desember sama árs, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Til vara gerir hún sömu kröfu, þó þannig, að frá 11. nóvember 1993 beri fyrrgreind fjárhæð 0,5% ársvexti til 5. júní 1995, en dráttarvexti frá þeim degi til greiðsludags. Í báðum tilvikum krefst hún jafnframt greiðslu á útlögðum kostnaði vegna heimilishjálpar, 143.182 krónum, með dráttarvöxtum frá 11. október 1995 til greiðsludags svo og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur áfrýjuðu málinu með stefnu 13. júní 1996. Þeir krefjast þess aðallega, að þeim verði einungis gert að greiða aðaláfrýjanda alls 1.292.360 krónur með nánar tilteknum vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 25. júní 1992 til greiðsludags, 235.464 krónur í lögmannspóknun og 140.549 krónur vegna útlagðs kostnaðar í héraði. Til vara krefjast gagnáfrýjendur lækkunar bóta. Þeir krefjast og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með lögum nr. 103/1996 var gagnáfrýjanda Póst- og símamálastofnun breytt í Póst og síma hf. Hefur hlutafélagið tekið við aðild málsins fyrir Hæstarétti.

Í málinu krefst aðaláfrýjandi skaða- og miskabóta vegna umferðarslyss 25. júní 1992. Enginn ágreiningur er um greiðsluskyldu bóta, sem gagnáfrýjendur viðurkenna. Ágreiningslaust er og með aðilum, að varanleg læknisfræðileg örorka aðaláfrýjanda, sem metin var af Jónasi Hallgrímssyni lækni og dómkvöddum matsmönnum, sé 10%.

Fallast ber á niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um að hafna kröfu aðaláfrýjanda um bætur fyrir tímabundna örorku.

Kröfu sína um bætur vegna varanlegrar örorku reisir aðaláfrýjandi á tjónsútreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings, sem lagður var fram í héraðsdómi 5. maí 1995 og miðaður við 10% örorku. Höfuðstólsverðmæti tekjutaps var þar reiknað 4.384.900 krónur. Gagnáfrýjendur halda því hins vegar fram, að við ákvörðun bóta eigi að taka mið af varanlegri fjárhagslegri örorku, sem dómkvaddir matsmenn hafi metið einungis 5%.

Í úrlausnum dómstóla um verðmæti tapaðra framtíðartekna vegna örorku hefur almennt verið litið til hinnar læknisfræðilegu örorku og lagt til grundvallar, að hundraðshluti tekjutaps sé hinn sami og þannig ákvarðað örorkustig. Engar forsendur eru til að víkja frá þeirri venju í þessu máli. Bætur til aðaláfrýjanda vegna varanlegrar örorku þykja hæfilega ákveðnar 3.300.000 krónur að teknu tilliti til skattfrelsis bótanna og hagræðis af eingreiðslu. Krafa um bætur fyrir töpuð lífeyrisréttindi er tekin til greina, eins og krafist er, með 263.100 krónum. Þar sem aðaláfrýjanda eru dæmdar bætur, eins og hún gegndi fullu starfi utan heimilis, verður ekki tekin til greina krafa hennar um örorkubætur vegna heimilisstarfa. Ekki eru heldur rök til að taka til greina kröfu hennar um útlagðan kostnað vegna heimilishjálpar í Þýskalandi haustið 1994, 143.182 krónur, þar sem orsakatengsl við umferðarslysið eru ósönnuð.

Eftir atvikum þykja miskabætur til aðaláfrýjanda hæfilega ákveðnar 200.000 krónur.

Niðurstaða málsins verður því, að gagnáfrýjendum verður gert að greiða aðaláfrýjanda 3.763.100 krónur með vöxtum, eins og í dómsorði greinir. Með vísan til 15. gr. vaxtalaga verða dráttarvextir dæmdir frá framlagningu tjónsútreiknings 5. maí 1995, enda var tjón aðaláfrýjanda þar reiknað miðað við kaupgjald í apríl sama ár. Þá greiði gagnáfrýjendur aðaláfrýjanda málskostnað, þar með talinn

útlagðan kostnað, sem ákveðst í einu lagi í héraði og fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Gagnáfrýjendur, Póstur og sími hf., Vátryggingafélag Íslands hf. og Sjóvá-Almennar tryggingar hf., greiði óskipt aðaláfrýjanda, Sveindísi Hermannsdóttur, 3.763.100 krónur með 1% ársvöxtum frá 25. júní 1992 til 10. ágúst 1993, 1,25% ársvöxtum frá þeim degi til 10. nóvember sama árs, 0,5% ársvöxtum frá þeim degi til 5. maí 1995, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags.

Gagnáfrýjendur greiði óskipt aðaláfrýjanda samtals 800.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 6. mars 1996.

Mál þetta var dómtekið 7. febrúar 1996 að lokinni aðalmeðferð.

Stefnandi málsins er Sveindís Hermannsdóttir, kt. 240863-4219, Brekkuseli 27, Reykjavík.

Stefndu eru Póstur og sími, kt. 490784-2339, Thorvaldsensstræti, Reykjavík, Vátryggingafélag Íslands, kt. 690689-2009, Ármúla 3, Reykjavík, og Sjóvá-Almennar tryggingar, kt. 701288-1739, Kringlunni 5, Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær aðallega, að stefndu verði dæmdir til að greiða stefnanda óskipt skaða- og miskabætur, að fjárhæð 5.064.565 kr., með [nánar tilgreindum vöxtum].

Til vara er þess krafist, að stefndu verði dæmdir til að greiða stefnanda óskipt skaða- og miskabætur, að fjárhæð 5.064.565 kr., með [nánar tilgreindum vöxtum].

Þess er jafnframt krafist, að stefndu verði dæmdir til að greiða stefnanda útlagðan kostnað vegna heimilishjálpar, 143.182 kr., samkvæmt fram lögðum reikningum með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum frá 11. október 1995 til greiðsludags. Verði dráttarvextir höfuðstólsfærðir á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 11. október 1996, en síðan árlega þann dag.

Þá er í öllum tilvikum krafist málskostnaðar að skaðlausu ásamt virðisaukaskatti samkvæmt málskostnaðarreikningi.

Endanlegar dómkröfur stefndu eru þær aðallega, að stefndu verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda gegn greiðslu á 1.292.360 kr. með einföldum

ársvöxtum af almennum sparisjóðsbókum í Landsbanka Íslands frá 25. júní 1992 til greiðsludags auk lögmansþóknunar, en til vara, að stefnukröfur verði stórlækkaðar.

Jafnframt krefjast stefndu málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins að viðbættum virðisaukaskatti.

Málavextir.

Hinn 25. júní 1992 ók stefnandi bifreiðinni R-4431 vestur Bæjarháls í Reykjavík. Hugðist stefnandi beygja til hægri skammt austan við Bitruháls og hægði ferðina, en þá var bifreið stefnda Pósts og síma, R-3818, ekið aftan á bifreið stefnanda. Bifreið stefnda Pósts og síma mun hafa verið tryggt við lögboðinni ábyrgðartryggingu samkvæmt 91. gr. laga nr. 50/1987 hjá stefnda Vátryggingafélagi Íslands hf. Eigandi bifreiðarinnar R-4431, sem stefnandi ók í umrætt sinn, hafði gilda ökumannstryggingu samkvæmt 92. gr. laga nr. 50/1987 hjá stefnda Sjóvá-Almennum tryggingum hf. Stefnandi var 28 ára gömul, þegar slysið varð. Hún er menntuð sem meinatæknir.

Stefnandi fann til eymsla í hálsi og leitaði því til slysadeildar Borgarspítalans. Við fyrstu komu þangað fann stefnandi aðallega fyrir verk í hálsi. Samkvæmt fram lögðu vottorði Leifs Jónssonar, læknis á slysa- og bæklunardeild Borgarspítalans, dagsettu 7. október 1992, var talið, að stefnandi hefði hlotið væga tognun, og fékk hún hálskraga og vöðvaslakandi lyf. Við endurkomu 15. júlí 1992 hafi stefnandi sagt ástand verra en við fyrstu komu og sagst þjást af höfuðverk daglega, hafa verki í hálsi og leiðni út í axlir auk óþæginda frá mjóbaki með leiðni út í hægri rasskinn og læri. Hún hafði ekki tekið lyfin, þar eð hún var barnshafandi.

Við skoðun hafi komið í ljós, að stefnandi hafði eymsli í háls hryggjar- og herðavöðvum, en engin „neurologisk“ einkenni frá handleggjum. Eymsli voru yfir lendarhryggjarvöðvum, en „neurologia“ ganglima var eðlileg. Stefnanda hafi verið vísað til sjúkraþjálfara, og hafi hún fengið vinnuveitendavottorð um óvinnufærni tímabilið 25. júní til 5. júlí 1992.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að vegna framangreinds slyss hafi vinnugeta hennar minnkað og aflahæfi skerst. Hún hafi þjást af hálsverkjum, höfuðverk og leiðni út í axlir. Við fyrstu komu á slysadeild hafi hún einkum fundið fyrir verk í hálsi og því fengið hálskraga og verkjalyf. Við endurkomu á slysadeild 15. júlí 1992 hafi ástand hennar verið heldur verra en við fyrstu komu. Upp úr því hafi farið að bera á óþægindum frá mjóbaki, sem leitt hafi út í hægri rasskinn og læri. Í framhaldi af þessu hafi henni verið vísað til heimilislæknis og sjúkraþjálfara, en ekki hafi orðið um frekari endurkomur hennar á slysadeild að ræða.

Stefnandi vísar um meiðsli sín til örorkumats Jónasar Hallgrímssonar læknis, dagsetts 11. október 1993. Aðdragandi þess sé, að stefnandi og stefndi Vátryggingafélag Íslands hafi komið sér saman um svokallað „tveggja lækna mat“. Af hálfu stefnanda hafi Jónas Hallgrímsson verið tilnefndur, en stefndi Vátryggingafélag Íslands hafi tilnefnt Brynjólf Mogensen. Læknarnir hafi átt viðtal við stefnanda sumarið 1993 og náð saman um öll atriði matsgerðarinnar nema hið fjárhagslega örorkumat. Brynjólfur Mogensen hafi síðan horfið frá störfum sem trúnaðarlæknir Vátryggingafélags Íslands og þá sagt sig frá þessu verkefni. Jónasi Hallgrímssyni hafi því verið falið af stefnanda að ljúka matsgerðinni, en stefnandi, sem bjó erlendis, hafi verið farin utan, er þetta var.

Í framangreindri matsgerð komi fram, að stefnandi hafi við slysið hlotið háls hrykk, hulsueinkenni í hægri öxl og tognunareinkenni frá mjóbaki og hægri mjöðm. Vegna ytri aðstæðna og erfiðleika hafi bati orðið hægari en ella. Tímabundin örorka í eina viku sé metin 100%, en varanleg læknisfræðileg örorka 10%. Fjárhagsleg örorka sé síðan metin út frá því, að stefnandi muni starfa sem meinatæknir. Í örorkumatsgerð komi fram, að afleiðingar slyssins muni há henni við þau störf, og sérstaklega tiltekið, að geta hennar til að vinna yfirvinnu væri skert. Síðan sé fjárhagsleg örorka metin 100% í eina viku, en 10% varanleg.

Þá styður stefnandi kröfur sínar útreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingastærðfræðings á tjóni stefnanda miðað við 10% varanlega örorku. Útreikningurinn um störf utan heimilis sé miðaður við skattframtal ársins 1991, en að því er varði heimilisstörf, sé tekið mið af því, að stefnandi haldi heimili fyrir sig, eiginmann og tvö börn, en launaviðmið sé laun samkvæmt fastlaunasamningi Iðju fyrir starfsfólk í matvælaíðnaði eftir þriggja ára starf. Þá hafi verið reiknað út verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda vegna slyssins, 6% af höfuðstólsverðmæti taps af varanlegri örorku vegna starfa utan heimilis.

Stefnandi bendir á, að í þessu máli sé ljóst, að tjón hennar vegna slyssins hafi haft áhrif á vinnugetu hennar og hamli henni daglega bæði í störfum innan og utan heimilis. Í framangreindu örorkumati sé að finna heildstætt mat á framtíðarafleiðingum meiðsla á starfsorku hennar. Þetta sé í samræmi við dómaframkvæmd í slíkum málum. Líkamstjón hafi verið metið með hliðsjón af mati læknis á læknisfræðilegri örorku og útreikningi tryggingastærðfræðings á grundvelli þess. „Verklagsreglur“ vátryggingafélagsanna, sem séu staðlaðar aðferðir við bótauppgjör, leiði hins vegar til annarrar niðurstöðu fyrir tjónþola en yrði samkvæmt fyrrnefndri aðferð. Í framhaldi þess hafi tryggingafélagin síðan tekið upp á því að biðja um dóm-

kvaðningu matsmanna og óska eftir því, að hin fjárhagslega örorka yrði metin. Stefnandi mótmælir því, að hin svokallaða fjárhagslega örorka sín komi til skoðunar, hvað þá, að hún verði lögð til grundvallar við ákvörðun bóta fyrir varanlega örorku hennar. Ekki komi til greina að ryðja burt hinni óumdeildu dómvenju íslensks réttar með einhliða ákvörðun stefnda Vátryggingafélags Íslands hf.

Af hálfu stefnanda er einnig á það bent, að gildistími skaðabótalaga nr. 50/1993, þar sem upp var tekið svokallað fjárhagslegt örorkumat, hafi hafist 1. júlí 1993, og þá fyrst hafi framangreindri dómvenju verið lokið. Tjón stefnanda vegna slyss í júní 1992 verði því metið á grundvelli þeirrar venju.

Endanlega dómkröfu sína sundurliðar stefnandi þannig:

1.	Örorkutjón.		
1.1.	Vegna starfa utan heimilis:		
1.1.1.	Tímabundin örorka	kr.	40.600
1.1.2.	Varanleg örorka	kr.	4.384.900
	Frádr. v/ skattahagr., eingr. o. fl. 15%	-657.735 kr.	3.727.165
1.1.3.	Töpuð lífeyrisréttindi	-	263.100
1.2.	Örorka vegna heimilisstarfa.		
1.2.1.	Tímabundin örorka	-	11.500
1.2.2.	Varanleg örorka (50% af útr.)	-	622.200
2.	Miskabætur	-	400.000
		Samtals kr.	<u>5.064.565</u>

Þá er nú enn fremur gerð krafa um greiðslu á útlögðum kostnaði stefnanda vegna heimilishjálpar tímabilið 15. september 1994 til 7. desember sama ár, DM 3.137,20 á gengi 10. október 1995, 45,64 ísl. kr., eða samtals 143.182 ísl. kr.

Málsástæður og lagarök stefndu.

Stefndu reisa kröfu sína um sýknu gegn greiðslu á 1.292.360 kr. á því, að með þeirri fjárhæð sé umstefnt tjón stefnanda að fullu bætt, og því eigi stefnandi ekki rétt til frekari bóta, enda sé frekara tjón ósannað.

Lögmaður stefndu benti á það við munnlegan málflutning, að stefnandi hefði engin gögn lagt fram um það, af hvaða launum hún varð við vinnu í blikksmiðju föður síns þann tíma, sem hún var óvinnufær eftir slysið. Sú tala, sem stefnandi miði við, sé þó allt of há. Beri því að hafna kröfu stefn-

anda að þessu leyti, enda bætist tímabundin örorka ekki, nema um raunverulegt tap sé að ræða.

Stefndu telja forsendur stefnanda ekki fá staðist. Stefnandi hafi verið barnshafandi, er hún slasaðist, en haldið fullri vinnu, uns hún hafi flust til Þýskalands haustið 1992. Eftir það hafi hún ekkert unnið, og það hafi ekki heldur staðið til, en hún hafi átt barn sitt í mars 1993. Ekkert liggi fyrir í málinu um, að vinnutekjur eða lífeyrisréttindi vegna varanlegrar örorku hafi tapast í reynd, né sé líklegt, að svo verði. Örorka bætist ekki, ef hennar gæti ekki í reynd í skertum vinnutekjum, sbr. t. d. dóm Hæstaréttar frá 1988, bls. 276, og frá 1990, bls. 128. Reynslan sé sú, að áhrif læknisfræðilegrar örorku á vinnutekjur hverfi, er frá líði slysi. Þá kveða stefndu það ekki fá staðist, að stefnandi, sem sé nú heimavinnandi húsmóðir og ekki útivinnandi, eigi jafnframt óskertan bótarétt vegna vinnu utan heimilis, enda vinni stefnandi ekki í senn fullan vinnudag á heimilinu og utan þess. Þá hafi stefnandi ekki heldur orðið fyrir sérstökum útgjöldum vegna skorts á getu til starfa á heimili sínu né sé fyrirsjáanlegt, að svo verði.

Stefndu mótmæla líkindareikningi vegna heimilisstarfa sem bersýnilega röngum. Beri að hafna alveg kröfum stefnanda um bætur fyrir meira en svarar einu starfi, en nærtækast virðist að miða við húsmóðurstarf, eins og högum stefnanda sé háttað.

Stefndu kveða norrænar rannsóknir hafa leitt í ljós, að 20-30% læknisfræðileg örorka og þaðan af minni leiði sjaldnast til nokkurrar raunverulegrar skerðingar á vinnutekjum fólks. Hæstiréttur hafi hafnað því að leggja læknisfræðilegt örorkumat og líkindareikninga tryggingasterðfræðinga gagnrýnislaust til grundvallar. Þegar meidsli séu ólíkleg til að valda vinnutekjutapi, sé kröfum um örorkubætur hafnað og aðeins dæmdur miski, en ósannað sé í þessu máli, að öðruvísi sé ástatt um stefnanda. Því er mótmælt, að örorkumat Jónasar Hallgrímssonar og örorkutjónsútreikningur Jóns Erlings Þorlákssonar á grundvelli þess sanni raunverulegt tímabundið eða varanlegt vinnutap stefnanda. Þá séu engin efni til að sinna kröfum stefnanda, enda hafi stefnandi hafnað því að fresta uppgjöri, meðan séð verði, hvort læknisfræðileg örorka hennar muni valda vinnutekjutapi í raun.

Stefndu mótmæla kröfu stefnanda um miskabætur, að fjárhæð 400.000 kr., sem allt of hárrí, þegar jafnframt sé krafist örorkubóta og þess gætt, að miski sé innifalinn í örorkumatinu. Telja stefndu 50 – 100.000 krónur nær lagi. Stefndu mótmæla einnig örorkumati Jónasar Hallgrímssonar sem röngu og óhæfu til að reisa á bótaákvörðun. Stefndu fóru fram á, að dómkvaddir yrðu sérfróðir matsmenn til þess að meta læknisfræðilega og fjárhagslega örorku stefnanda. Byggja stefndu á því, að miða beri við fjárhagslega örorku og raunverulegt fjártjón við ákvörðun bóta.

Stefndu kveða varakröfu setta fram ex tuto. Beri við ákvörðun örorku-tjóns, ef til þess komi, að gæta þess, að örorka bætist ekki, meðan hennar gæti ekki í skertum vinnutekjum, en engar vinnutekjur hafi tapast til þessa hjá stefnanda, enda hún ekki í launuðu starfi. Kröfu um bætur fyrir úti-vinnu beri að hafna með öllu, þar sem stefnandi sé nú heimavinnandi hús-móðir og vinni ekkert úti. Þá beri að draga frá þann hluta bóta, sem ella gengi til opinberra gjalda, en staðgreiðsluhlutfall sé nú 41,84% samkvæmt gildandi skattkerfi, og kæmu bæturnar til skatts sem jaðartekjur samkvæmt gildandi skattkerfi, ef þær væru skattskyldar. Hið sama gildi um lífeyrisrétt-indi og örorkubætur. Stefndu telja, að síðan beri að virða til lækunar hag-ræði af eingreiðslu bóta skv. dómvenju, og þá beri að virða til lækunar, að miski sé innifalinn í örorkumati lækna og að ekki sé um raunverulegt tekju-tap að ræða. Um vinnutekjutjón vegna tímabundinnar örorku sé ekki að ræða. Þá eigi að koma til frádráttar bætur frá Tryggingastofnun ríkisins, er stefnandi eigi rétt til sem ökumaður bifreiðar.

Stefndu mótmæla sérstaklega vaxtakröfum stefnanda, en bótakrafan beri samkvæmt dómvenju sömu vexti og notaðir séu í tjónsútreikningi og ekki dráttarvexti frá fyrri tíma en dómsuppsögudegi, og vísa þeir til dóms Hæstaréttar frá árinu 1989, bls. 653, og dóms frá 1990, bls. 128, og dóms frá 1992, 17. desember, í máli nr. 280/1990 og 10. desember í máli nr. 18/1989.

Niðurstæða.

Stefnandi varð fyrir slysi 25. júní 1992 og var flutt á slyshadeild Borgar-spítalans. Í vottorði Leifs Jónssonar læknis, dagsettu 7. október 1992, segir, að við komu hafi hún kvartað um eymsli aftan til í hálsi, einkum hægra megin. Engin einkenni hafi verið frá handleggjum eða neðanverðum hrygg og ganglimum. Þreifíeymsli hafi verið yfir „paravertebral-vöðvum“ í hálsi, einkum hægra megin, en hreyfingar nánast eðlilegar. Hafi verið talið, að um frekar væga tognun væri að ræða, og segir síðan, að sjúklingur hafi fengið hálskraga ásamt vöðvaslakandi lyfjum, en endurkoma verið ákveðin eftir tvær vikur.

Í áðurnefndu læknisvottorði segir enn fremur, að við endurkomu 15. júlí sama ár hafi sjúklingur talið ástand vera verra en við fyrstu komu og sagst vera með höfuðverk daglega, verki í hálsi og leiðni út í axlir. Þá hafi hún sagt, að nokkrum dögum eftir slys hafi hún farið að fá óþægindi frá mjóbaki með leiðni út í hægri rasskinn og læri. Hún hafi ekki tekið lyfin, enda sagst vera þunguð. Síðan segir orðrétt í vottorðinu: „Við skoðun eru eymsli í háls hryggjar- og herðavöðvum, en engin neurologisk einkenni frá handleggjum. Einnig eru eymsli yfir lendahryggjarvöðvum, en neurologia gang-lima er eðlileg.“

Í örorkumati Jónasar Hallgrímssonar lækni, dagsettu 11. október 1993, segir meðal annars í niðurstöðukafla: „Við slysið 25. júní 1992 hlaut Sveindís hálsnhykk, væg hulsueinkenni í hægri öxl og tognunareinkenni frá mjóbaki og hægri mjöðm. Vegna ytri aðstæðna og erfiðleika við að fá nægjanlega endurhæfingu hefur bati Sveindísar orðið hægari en ella, en álit undirritaðs og Brynjólfs Mogensen var það, að hægt væri að meta varanlega örorku Sveindísar núna þrátt fyrir það.“ Síðar segir: „Tímabundin skerðing af völdum slyssins á getu Sveindísar til að afla sér vinnutekna er 100% í 1 viku, þ. e. frá 25. júní til 5. júlí 1992. Sveindís er menntuð sem meinatæknir og hefur nokkra starfsreynslu á því sviði. Gert er ráð fyrir, að Sveindís muni því afla sér vinnutekna í framtíðinni með meinatæknastörfum frekar en á öðrum sviðum, þótt slíkt sé ekki í raun gefið, þar sem hún er enn ung og margir aðrir möguleikar því fyrir hana til að afla sér tekna með störfum utan heimilis. Sveindís ætti í framtíðinni að geta unnið flest almenn meina-tæknastörf, þótt hún í dag telji sig ekki vinnufæra til allra fyrri starfa sinna, svo sem að sitja lengi við smásjá. Fæstir meinatæknar starfa einir í dag, og má því ætla, að Sveindís gæti notið aðstoðar vinnufélaga við einstök erfið störf. Ætti hún að starfa ein, gætu þeir álagsverkir, sem ætlað er, að hún muni hafa framvegis, dregið nokkuð úr afköstum og þar með tekjum. Flestir meinatæknar á sjúkrahúsum á Íslandi fá nokkurn hluta af tekjum sínum fyrir yfirvinnu og vaktir, og mun láta nærri, að þær aukatekjur svari a. m. k. til 20% af heildarlaunum þeirra. Líklegt er, að vinnuþrek Sveindísar verði alla tíð eitthvað takmarkað, þannig, að vinna umfram fulla dagvinnu geti orðið henni um megn, að minnsta kosti að því marki, að hún geti bætt verulega við laun sín. Miðað við, að núverandi einkenni Sveindísar minnki, þegar frá líður, en haldist samt að nokkru marki, tel ég, að framtíðarævitækjur Sveindísar muni skerðast sem svarar til 10% og fjárhagsleg örorka hennar af völdum slyssins verði þar af leiðandi 10%.

Svar við spurningu 2 b í matsbeiðni um tímabundna og varanlega lækni-fræðilega örorku Sveindísar er það, að tímabundin örorka er 100% í eina viku og varanleg örorka 10%.

Svar við spurningu 3 er það, að önnur slys eða sjúkdómar eigi ekki þátt í örorku Sveindísar.

Samkvæmt hefðbundnu örorkumati er örorka Sveindísar vegna slyssins því þessi:

Frá slysinu í 1 viku 100%.

Síðan varanleg örorka (fjárhagsleg og lækni-fræðileg) 10%.

Jónas Hallgrímsson læknir kom fyrir dóminn og staðfesti framangreint örorkumat. Hann kvaðst ekki sjá ástæðu til að breyta niðurstöðu sinni, að

Því er varðaði hina fjárhagslegu örorku, þrátt fyrir það að hinir dómkvöddu matsmenn teldu örorkustigið lægra að þessu leyti. Rökstuddi hann þá niðurstöðu sína með því, að hann þekkti störf meinatækna vel. Yfirvinna væri umtalsverður hluti af starfi þeirra á stóru sjúkrahúsunum, þar sem mikið væri um bráðainnlagnir. Skerðing vinnugetu kæmi einkum niður á yfirvinnu og vaktavinnu, og því væri 10% fjárhagsleg örorka síst ofmat í þessu tilviki.

Þessu næst fékk stefnandi Jón Erling Þorláksson tryggingafræðing til að reikna út tjón sitt vegna slyssins. Er útreikningurinn dagsettur 16. nóvember 1993. Síðar var óskað eftir nýjum útreikningi frá Jóni Erlingi, og er sá útreikningur dagsettur 21. apríl 1995. Endanleg kröfugerð stefnanda stýðst við síðari útreikning. Þar er miðað við örorkumat Jónasar Hallgrímssonar. Vinnutekjur stefnanda árin 1988-1991 samkvæmt tölvuútskrift skattstofu eru notaðar sem viðmiðun með þeim skýringum stefnanda, að hún hafi verið í fæðingarorlofi í rúmt ár frá júlí 1989 til september 1990 og að tekjur ársins 1991 hafi verið fyrir tíu mánuði. Þannig eru tekjur ársins 1991 lagðar til grundvallar að viðbættum 20% vegna tveggja mánaða, og teljast árstekjur þannig vera 2.269.300 kr.

Miðað við framangreindar forsendur að því viðbættu, að tap vegna slyssins sé á hverjum tíma sami hundradshluti tekna og örorka er metin, fæst eftirfarandi áætlun:

	Áætlaðar tekjur	Tekjutap
Árið 1992, frá slysdegi	kr. 1.062.900	kr. 142.800
- 1993	- 2.140.800	- 214.100
- 1994	- 2.210.000	- 221.000
Síðan árlega	- 2.269.300	- 226.900

Höfuðstólsverðmæti tekjutaps reiknast á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr. 40.600
Vegna varanlegrar örorku	- 4.384.900
Samtals	<u>kr. 4.425.500</u>

Verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda er áætlað 6% af höfuðstólsverðmæti taps af varanlegri örorku, 263.100 kr.

Verðmæti tapaðra tekna vegna heimilisstarfa, ef þau eru stunduð eingöngu, miðar tryggingafræðingurinn við laun eftir þrjú ár samkvæmt fastlaunasamningi Iðju, félags verksmiðjufólks, fyrir starfsfólki í matvælaíðnaði, sem voru við gerð útreikningsins 53.670 kr. á mánuði, 644.000 kr. á ári. Verður höfuðstólsverðmæti tekjutaps vegna heimilisstarfa á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr.	11.500
Vegna varanlegrar örorku	–	1.244.400
Samtals	kr.	1.255.900

Við útreikning höfuðstólsverðmætis eru fram að útreikningsdegi 21. apríl 1995 notaðir vextir af almennum sparisjóðsbókum í Landsbanka Íslands (1% frá slysdegi, 1,25% frá 11. ágúst 1993 og 0,5% frá 11. nóvember 1993). Einfaldir vextir frá slysdegi til útreikningsdags eru 2,16%, en eftir þann dag eru notaðir 4,5% vextir og vaxtavextir. Dánarlíkur eru miðaðar við reynslu árána 1976-1980 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi eftir sænskri reynslu, en í þessum útreikningum er ekki tekið tillit til skatta.

Stefndi Vátryggingafélag Íslands óskaði eftir því við Ragnar Jónsson lækni, að hann yfirfæri örorkumat Jónasar Hallgrímssonar læknis. Í greinargerð, dagsettri 20. desember 1993, segir hann, að miðað við fyrirbyggjandi gögn sé 10% fjárhagsleg örorka nokkuð há með tilliti til þess, að tjónþoli hafi unnið fulla vinnu eftir vikufjarveru eftir slys, og ekkert sé fram komið um, að einkenni hennar hafi versnað, eftir að hún fluttist til útlanda og hætti að vinna sem meinatæknir. Einnig sé til þess að líta, að tiltölulega stuttur tími sé liðinn frá slysi, og þar sem tjónþoli hafi nýlega átt barn, megi enn búast við minnkun einkenna, þannig, að starfshæfni geti enn batnað. Þá er á það bent í þriðja lagi, að tjónþoli hafi ekki enn reynt að vinna meinatæknavinnu eða svipaða vinnu, svo að ekki sé fullreynt, hvort um raunverulega fjárhagslega örorku eða starfsskerðingu sé að ræða. Síðan segir Ragnar í lok greinargerðarinnar: „Að mínu mati má því draga í efa, hvort haldgóð rök liggja fyrir þessu mati á fjárhagslegri örorku tjónþola. Að mínu mati ber hér að bíða í 1 - 2 ár, uns fullreynt er, hver endanlegur bati verður á einkennum, og má þá betur dæma um varanlega starfsskerðingu eða fjárhagslega örorku tjónþola.“ Á grundvelli þessa álits vildi stefndi Vátryggingafélag Íslands bíða í eitt til tvö ár með fullnaðaruppgjör, en stefnandi sætti sig ekki við það og höfðaði mál þetta.

Með bréfi, dagsettu 26. apríl 1994, óskaði stefndi Vátryggingafélag Íslands eftir dómkvaðningu matsmanna til að meta, hvort örorkumat væri tímabært, og ef svo væri, hver væri skerðing á getu stefnanda af völdum umferðarslyssins 25. júní 1992, metið í hundradshlutum, til að gegna nauðsynlegum húsmóðurstörfum á heimili sínu. Þá var einnig óskað eftir því, að metið yrði, hvort Sveindís hefði við umferðarslysið orðið fyrir skerðingu til frambúðar á getu til öflunar vinnutekna, er leiða myndi til fjártjóns, þegar lítið væri til menntunar hennar, starfs, kunnáttu og þeirra kosta, sem hún ætti til að afla sér tekna með vinnu, sem sanngjarnt sé að ætlast til, að hún starfi við, eða hver sé fjárhagsleg örorka stefnanda í hundradshlutum. Þá

var beðið um mat á því, hver væri læknisfræðileg örorka stefnanda, metin í hundraðshlutum, og hvort önnur slys eða sjúkdómar ættu þátt í örorkunni og þá í hvaða mæli. Dómkvaddi Héraðsdómur Reykjavíkur þá Stefán Carlsson lækni og Sigurð Helga Guðjónsson hæstaréttarlögmann til að meta hið umbeðna, og er matsgerð þeirra dagsett 28. október 1994.

Matsmenn töldu fyllilega tímabært að meta örorku stefnanda. Er matsgerðin ýtarleg; ýmis skjallæg gögn hafa verið athuguð, rætt við matsþola og lögmennt og matsþoli skoðaður af Stefáni Carlssyni. Kemur þar fram, að skoðunin hafi einkanlega beinst að stoðkerfi líkamans. Þar segir meðal annars: „Háls: Er með þreifeymsli yfir sjalvöðva (trapezius) hægra megin. Þreifeymsli yfir festu á herðablaðslétti (levator scapulae) hægra megin. Eymsli yfir ofankambsvöðva (supraspinatus) hægra megin og tvíhöfðaupp-handleggsvöðva (biceps) báðum megin við hægri öxl. Eymsli yfir hnakkavöðvafestum í hnakkagróf; vöðvaspenna er aukin í ofangreindum vöðva báðum megin. Hreyfingar eru góðar í háls hrygg, þó vægt skert hliðarþeygja til vinstri, snúningur til vinstri miðað við hreyfingar til hægri. Handleggir: Væg eymsli yfir vöðvafestum réttivöðva úlnliðar og fingra á upphandlegg hægra megin. Engin eymsli á vinstri handlegg. Taugaskoðun í efri útlimum: Ekki vöðvarýrnun. Sinaviðbrögð eru dauf, en jöfn. Kraftar góðir og jafnir. Eðlilegt húðskyn. Mjóhryggur: Engin eymsli yfir mjóhryggjarvöðvum. Vöðvaspenna eðlileg. Hreyfingar í baki eðlilegar og tekur ekki í. Væg eymsli yfir gluteus medius vöðvafestum á mjaðmargrind hægra megin. Engin vöðvarýrnun í neðri útlimum. Kraftar eðlilegir. Sinaviðbrögð jöfn. Húðskyn eðlilegt. Hreyfingar í mjaðmaliðum eðlilegar. Hreyfingar í hnjám eðlilegar.“

Matsmenn telja, að í kjölfar slyssins hafi stefnandi haft óþægindi frá hálsi, hægri öxl og hægri mjöðm auk úthaldsleysis. Þessu hafi fylgt höfuðverkur og fleiri einkenni, s. s. verkir í hægri handlegg. Þessi einkenni hafi verið langvinn og stöðug. Matsmenn telja upplýst, að matsþoli hafi ekki áður lent í slysi og ekki átt við veikindi að stríða. Í skóla hafi hún þó kennt um tíma höfuðverkja og fengið þursabit einu sinni, átján ára gömul.

Þá segir enn fremur, að búast megi við því, að stefnandi þurfi áfram að takmarka álag og að það verði langvarandi, og þannig hafi hún hlotið nokkra almenna starfsorkuskerðingu vegna slyssins. Tilraunir til meina-bóta, s. s. hálskragameðferð og sjúkraþjálfun, hafi ekki leitt til ótvíræðra framfara. Ljóst sé, að líkamlegt úthaldsleysi, verkir og sársauki muni valda stefnanda erfiðleikum við heimilisstörf og í frístundum og muni einnig gera það í starfi. Yfirgnæfandi líkur séu fyrir því, að framangreind einkenni stefnanda og ástand megi rekja til slyssins. Megi búast við, að þessi óþægindi fari

vaxandi síðar meir, og viðbúið sé, að stefnandi verði óvinnufær á einhverjum tímabilum og þurfi einhverrar meðferðar við síðar. Ekki verði séð, að verulegar breytingar verði á ástandi hennar úr þessu, og verði því að telja, að núverandi einkenni verði að mestu varanleg. Er síðan komist að þeirri niðurstöðu, að varanleg læknisfræðileg örorka sé 10%.

Hinir dómkvöddu matsmenn telja hins vegar, að læknisfræðilegt örorkumat, þar sem sams konar áverkar séu metnir til sama hundraðshluta án tillits til starfs eða menntunar tjonþola, geti ekki verið einhlítur mælikvarði á líklega skerðingu á tekjuöflunarhæfi þeirra, sem fyrir slysum verði. Afleiðingar slyss geti ýmist haft meiri eða minni áhrif á tekjuöflunarhæfi hins slasada en hin læknisfræðilega örorka bendi til. Við fjárhagslegt örorkumat komi þetta til greina og einnig meðal annars aldur, atvinna, menntun, heilsa, tekjur fyrir slys, tekjur eftir slys, áætluð starfslok, vextir og skattaleg meðferð slysabóta. Matsmenn telja nokkurt samband vera milli tekjuöflunarhæfis einstaklinga í starfi eins og því, sem stefnandi gegnir og muni væntanlega gegna, og heilsufars þeirra.

Hinir dómkvöddu matsmenn miða mat sitt á fjárhagslegri örorku stefnanda við það, að hún muni starfa sem meinataeknir framvegis og að með hliðsjón af óbreyttum starfsvettvangi hennar og eðli starfsins sé líklegt, að hún tapi einhverjum tekjum vegna afleiðinga slyssins. Hún verði að hlifa sér og neita aukavinnu og aukavöktum, en einnig muni hún stundum eiga fullt í fangi með að skila venjulegum vinnutíma. Síðan telja þeir sennilegt, að stefnandi muni, einkum er fram í sæki, veigra sér við ákveðnum verkefnum og þurfa að hvílast meir og taka leyfi frá störfum, og ekki sé óhugsandi, að starfslok hennar verði fyrr en ella. Þá sé líklegt, að stefnandi muni áfram eiga nokkuð erfitt með ýmis heimilisstörf og að það verði varanlegt, og þá erfiðleika megi rekja til slyssins. Um þessi atriði segir síðan:

„Þykir að öllu virtu og á framangreindum forsendum mega gera ráð fyrir, að starfsorkuskerðing matsþola vegna slyssins muni hafa nokkur áhrif á tekjur hennar og starfs- og tekjumöguleika, það sem eftir er af starfsævi hennar.

Eins og áður segir, telja matsmenn, að áhrif slyssins á tekjuöflunarhæfi matsþola verði ekki ávallt hin sömu, heldur kuni þeirra jafnvel að gæta frekar, þegar líður enn meir á starfsævina.

Þegar lítið er til allra þeirra atriða og þátta, sem að framan hafa verið rakin, má gera ráð fyrir því, að tekjuskerðing hennar geti verið á bilinu 0-10%. Munu tekjur matsþola því að álitu matsmanna skerðast að meðaltali um 5% á allri starfsævinni. Er við matið tekið tillit til þeirra óvissuþátta, sem orkað geta á tekjur hennar og starfsmöguleika samkvæmt framan-

sögðu. Samkvæmt því er það niðurstaða matsmanna, að varanleg fjárhagsleg örorka matsþola sé hæfilega metin að meðaltali 5%, fimm af hundraði.“

Í matsgerðinni kemur fram, að stefnandi hafi orðið fyrir sömu varanlegu skerðingu á getu til að gegna nauðsynlegum húsmóðurstörfum og til annarra ofangreindra starfa eða að meðaltali 5%.

Hinir dómkvöddu matsmenn komu fyrir dóminn og staðfestu matsgerð sína.

Stefnandi kveðst hafa fengið brjós-klos í desember 1994, sem hún telur vera afleiðingu slyssins, og hafi þetta valdið sér auknum þjáningum og kostnaði. Hefur hún vegna þessa lagt fram læknisvottorð dr. med. G. Wehrhahn, skurðlæknis á skurðeild Læknaháskólans í Lübeck, dagsett 27. júní 1995, en þar segir í löggiltri þýðingu:

„Sjúklingurinn Sveindís Hermannsdóttir, f. 24. 8. 1963 í Reykjavík, kom til meðferðar 2. 12. 1994 á bráðamóttöku Læknaháskólans í Lübeck. Hún sagðist vera með akút bakverki, sem lágu niður í hægri fót. Samkvæmt sjúkrasögu hennar var ekki hægt að rekja ástæðuna til ytri áverka. Sveindís skýrði frá umferðarslysi sumarið 1992, en í því hlýtur hún að hafa meiðst í baki (lumbal/sacral-svæði) og á hægri mjöðm, þar sem hún hefur haft stöðug óþægindi á nefndu svæði, síðan þetta gerðist (að meðtöldum sársauka, sem lagði niður í fótinn). Við lækni-sköðun árið 1993 kom enginn verulegur bati í ljós.

Sem skurðlæknir á vakt var ég kallaður til til að annast Sveindísi. Mér varð fljótlega ljóst, að sjúklingurinn var með mörg einkenni brjós-kloss (Par-/Hypestesíur, sem sagt dofi, og 3. eða 4. gráðu paresu, sem sagt lömum). Ég hafði strax samband við starfsbræður í taugaskurðlækningum og taugasjúkdómafræði, því að samkvæmt þessari niðurstöðu var aðgerð nauðsynleg. En af því að hún var langt komin í meðgöngu, ákváðum við að bíða með aðgerð. Sjúklingurinn þarf á langri og endurhæfandi sjúkraþjálfun að halda; en það er ennþá langt frá því að vera öruggt, að aðgerðar sé ekki þörf.

Eftir NMR-myndatöku (sneiðmyndatöku) og samkvæmt klínískum einkennum var unnt að gera ótvíræða lækni-fræðilega sjúkdómsgreiningu: Brjós-klos L4-L5 við umferðarslys 1992. Eins og tekið hefur verið fram, var 2. 12. 1994 ekki um neina ytri áverka að ræða, en 27. 11. fann hún fyrir því, að óþægindin versnuðu skyndilega. Frá lækni-fræðilegu sjónarmiði er mér ljóst, að ástæður þessa sjúkdóms má rekja til baka, þ. e. a. s. til slyssins árið 1992.“

Lögmaður stefnda óskaði álits Jónasar Hallgrímssonar lækni og Stefáns Carlssonar á framangreindum niðurstöðum hins þýska lækni. Jónas Hall-

grímsson telur, að ekki verði fullyrt af eða á um tengsl brjósklossins og bifreiðarslyssins. Hann bendir annars vegar á, að stefnandi hafi fengið þursabít tvisvar fyrir slys árið 1984 og 1990 og aukið álag vegna meðgöngu, barnsburðar og umönnunar ungabarns kunni að hafa leitt til brjósklossins. Hins vegar hafi hún fundið til einkenna í baki nokkrum dögum eftir slysið, sem hafi verið varanleg ári síðar, er hann skoðaði hana. Hafi mjóbakstogun verið talin eiga lítils háttar þátt í þeirri varanlegu örorku, sem var metin. Skilja verður svar matsmanna svo, að þeir telji á grundvelli fræðigagna ólíklegt, að tengsl séu á milli áverka þess, sem stefnandi hlaut í bifreiðarslysinu, og brjósklossins.

Ljóst er, að það er ótvíræð niðurstaða bæði í örorkumati og í matsgjörð, að áverkar þeir, sem stefnandi hlaut í slysi 25. júní 1992, hafi haft áhrif á vinnugetu hennar og að afleiðingar þess hamli henni bæði í störfum innan og utan heimilis.

Aðilar hafa báðir vísað til dómvenju og einstakra dóma Hæstaréttar Íslands til stuðnings því, hvort miða beri við metna fjárhagslega örorku eða hina læknisfræðilegu örorku við ákvörðun tjónsbóta. Dómvenja sú, sem gildi í skadabótamálum hér á landi til 1. júlí 1993, þykir hníga að því, að höfð sé hliðsjón af hinni læknisfræðilegu örorku við mat á skertri vinnuhæfni og tekjumöguleikum tjónþola, en að jafnframt sé litið til allra aðstæðna viðkomandi og þess, sem er sannað eða unnt er að sanna um raunverulegt fjárhagslegt tjón.

Að því er varðar kröfu stefnanda um bætur vegna tímabundins tekjutaps, verður að fallast á það með stefndu, að stefnandi hafi ekki sannað þetta tjón. Hún hefur ekki lagt fram nein gögn, er styðja kröfuna. Verður því að sýkna stefndu af þeim þætti kröfugerðar stefnanda.

Stefnandi er menntaður meinatæknir og hafði unnið við það starf. Þegar slysið varð, var hún hins vegar í annars konar tímabundinni sumarvinnu. Hún hefur ekki unnið sem meinatæknir eftir slysið og ekki utan heimilis frá haustinu 1992. Ástæða þessa er sú, að hún er með þrjú ung börn og eiginmaður hennar er við nám í Þýskalandi, þar sem þau eru tímabundið búsett. Stefnandi kveðst hafa ætlað sér að stunda það starf, sem hún er menntuð til, þegar hún snýr aftur heim. Hins vegar bar hún, er hún kom fyrir dóminn, að hún væri ekki viss um, hvort hún myndi geta starfað sem meinatæknir sökum slæmra höfuðverkja, en starfið krefðist mikillar árvekni. Dómurinn telur rétt að taka mið af hinum sérstöku aðstæðum stefnanda; annars vegar þykir verða að líta til þess, að stefnandi hafði valið sér framtíðarstarf og menntað sig til þess, og hins vegar, að tímabundið hefur hún ekki haft tekjur af vinnu utan heimilis af ástæðum, sem ekki tengjast slysi hennar.

Við skoðun gagna þessa máls, framangreindra læknisvottorða og matsgerða sem og vitnisburðar stefnanda og vitna fyrir dóminum þykir ljóst, að starfsorkuskerðing stefnanda er allnokkur. Fram er komið, að greiðslur fyrir yfirvinnu og vaktir eru töluvert hátt hlutfall launa meinataækna, en það er einmitt sá hluti starfsins, sem líklegt er talið, að stefnandi geti ekki valdið af ástæðum, sem raktar verða til slyssins. Hinir dómkvöddu matsmenn töldu, að tekjuskerðing hennar gæti verið á bilinu 0-10% vegna þessa, en endanlegt mat þeirra, 5%, er meðaltal, sem virðist miðað við óvissuþætti í ævi hennar. Verður það að teljast í samræmi við þá dómvenju, sem gildi, þegar slys þetta varð, að tjónþoli njóti þeirrar óvissu, sem óhjákvæmileg er um framtíðarhagi hennar. Hún var búin að marka sér framtíðarstarfsvettvang. Niðurstaða matsmanna er, að slysið hafi haft áhrif á starfsgetu hennar, og þeir telja, að áhrif þess á tekjuöflunarhæfi stefnanda kunni jafnvel að gæta enn frekar, þegar líður meir á starfsævina. Þykir rétt með vísan til framangreinds að gera ráð fyrir því hér, að varanleg tekjuskerðing stefnanda vegna örorku sé 10%. Hins vegar þykir ekki verða hjá því komist að líta til þess, að stefnandi hefur ekki verið útívinandi, frá því að slysið varð, og hyggst ekki fara að vinna næsta árið, ekki fyrir en námi lýkur hjá eiginmanninum og þau flytjast aftur búferlum til Íslands. Stefnandi kvaðst fyrir dómi ekki hafa ætlað sér að vinna, meðan á dvölinni í Þýskalandi stæði, en hins vegar haft í huga að sækja frekara nám. Hún kvaðst hins vegar ekki hafa treyst sér til þess vegna vanlíðanar af völdum slyssins. Um tjón vegna tekjuskerðingar er samkvæmt þessu ekki að ræða þetta tímabil.

Að beiðni stefnda Vátryggingafélags Íslands reiknaði Jón Erlingur Þorláksson tryggingafræðingur út tekjutap 1. desember 1995 miðað við þá forsendu, að ekkert tjón hefði orðið vegna vinnu utan heimilis fram að þeim degi. Litið er til þessa útreiknings við ákvörðun bótafjárhæðar. Miðað við 10% varanlega örorku fékk tryggingafræðingurinn út þann dag slysdagsverðmæti tekjutaps 2.961.600 kr. og töpuð lífeyrisréttindi 177.700 kr. Við ákvörðun bóta er litið til alls þessa, sem hér hefur verið rakið, til þess, að stefnandi hefur ekki unnið eftir slysið, og einnig til þess, að hún mun varla hefja störf næsta ár af ástæðum, sem ekki tengjast slysinu, og enn fremur til eingreiðsluhagræðis og skattfrelsis bóta. Þegar áætluð töpuð lífeyrisréttindi hafa verið lögð við, þykja bætur vegna þessa kröfuliðar því hæfilega ákveðnar 1.700.000 kr. Dráttarvextir dæmast frá dómsuppsögu á þennan kröfulið, en almennir vextir eru engir.

Við mat á bótum vegna heimilisstarfa verður að líta til þess, að stefnandi rekur ásamt eiginmanni sínum fimm manna heimili, og eru börnin ung að árum. Maðurinn er í sérfræðinámi í læknisfræði. Hún hefur stundað heimilis-

störf frá hausti 1992. Svo sem lýst er í örorkumati og matsgerð, valda meiðslin henni erfiðleikum við þau. Ekki er fallist á það með stefndu, að bætur vegna heimilisstarfa verði ekki dæmdar samhliða bóttum vegna starfa utan heimilis. Heimilisstörf hverfa ekki, þótt viðkomandi vinni utan heimilis, heldur verða þau miklu fremur erfiðari þeim, sem veikir eru fyrir. Í þessum þætti málsins þykir rétt við ákvörðun bóta að hafa hliðsjón af útreikningi tryggingafræðingsins frá 21. apríl 1995, en þar var höfuðstólsverðmæti varanlegrar örorku á slysdegi vegna heimilisstarfa metið 1.244.400 kr., en vegna tímabundinnar örorku 100% í eina viku 11.500 kr. Stefndandi gerir kröfu um bætur, er svari til tímabundinnar örorku, og 50% af útreikningi vegna varanlegrar örorku, 622.200 kr. Hún hefur þó ekki sýnt fram á hið tímabundna tjón, og er því hafnað. Þykir að öðru leyti rétt að fallast á þessa kröfu, svo sem hún er fram sett, með vöxtum frá slysdegi, svo sem nánar greinir í dómsorði, og dráttarvöxtum frá 5. júní 1995.

Stefndandi kveðst hafa orðið að kaupa sér heimilisaðstoð vegna veikinda sinna frá hausti 1994, einkum vegna þess, hversu mjög hún versnaði í baki, en hún eignaðist þriðja barn sitt í janúar 1995. Hefur hún lagt fram reikninga fyrir mánuðina september til desember 1994, samtals að fjárhæð 143.182 kr. Upplýst þykir, að stefndandi hlaut einhvern bakáverka við slysið. Þótt ekki sé læknisfræðilega sannað, að orsakatengsl séu á milli þessa áverka og þeirra bakveikinda, sem hún á nú við að stríða, verður ekki heldur fullyrt, að svo sé ekki. Þykir rétt, að stefndandi njóti þessa vafa. Framangreindur kostnaðarreikningur er því tekinn til greina. Dráttarvextir af þessum lið greiðast frá dómsuppsögu, þar sem krafan kom fyrst fram undir rekstri málsins.

Fallist er á það með stefnanda, að hún hafi orðið fyrir miska. Upplýst er, að hún hefur mátt þola sársauka og óþægindi og hefur skerta getu til tómtundastarfa vegna afleiðinga slyssins. Þar sem miski er að einhverju leyti innifalinn í bóttum vegna lágrar örorku, þykja bætur samkvæmt þessum kröfuflið hæfilega ákveðnar 150.000 kr. Vextir greiðast á sama hátt og af bóttum vegna heimilisstarfa.

Bætur til stefnanda nema þannig samtals 2.615.382 kr.

Stefndu greiði stefnanda óskipt málskostnað, þar með talinn útlagðan kostnað, alls 450.000 kr.

Hjördís Hákonardóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Póstur og sími, Vátryggingafélag Íslands hf. og Sjóvá-Almennar tryggingar hf., greiði stefnanda, Sveindísi Hermannsdóttur, óskipt 2.615.382 kr., með 1% ársvöxtum af 772.200 kr. frá 25. júní

1992 til 11. ágúst 1993, með 1,25% ársvöxtum frá þeim degi til 11. nóvember 1993, með 0,5% ársvöxtum frá þeim degi til 5. júní 1995, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til 6. mars 1996, en af 2.615.382 kr. frá þeim degi til greiðsludags og 450.000 kr. í málskostnað.
